

Dagskrá Iðunnar vorið 2019

Kvæðalagaæfingar og fundir eru að venju í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Athugið að laugardaginn 9. mars kl. 14:00 verður barna- og fjölskylduæfing.

Söngvökur eru í Andrými Bergþórugötu 20, 101 Rvk. Þjóðlagasamspil með kveðskap verður auglýst síðar.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari vorönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar – Gerðubergi

miðv. 9. jan. kl. 19:00
miðv. 6. feb. kl. 19:00
laug. 9. mars. kl. 14:00
miðv. 3. apr. kl. 19:00
miðv. 8. maí kl. 19:00

Fundir – Gerðubergi

föst. 11. jan. kl. 20:00
föst. 8. feb. kl. 20:00
föst. 8. mars kl. 20:00 aðalfundur
föst. 5. apr. kl. 20:00
föst. 10. maí kl. 20:00

Söngvaka – Andrými

þriðj. 8. jan. kl. 19:00
þriðj. 12. feb. kl. 19:00
þriðj. 12. mars kl. 19:00
þriðj. 9. apr. kl. 19:00
þriðj. 14. maí kl. 19:00

Iðunnarfélagar sem fá þetta fréttablað

sent heim eru hvattir til að senda Rósu Þorsteinsdóttur tölvupóst á netfangið rosat@hi.is.

Þeim verður þá bætt á netfangalista félagsins og fá síðan tilkynningar um viðburði og aðrar fréttir sendar í tölvupósti.



Gleðileg
jól!



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

132. tölublað – 39. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2018
Ábm: Bára Grímsdóttir

Jólatréð og ljósín handan ljósanna

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Þó að úti hríðin herji,
hamslaust alla skeki og berji,
innst í minni sál er sól.
(Grímur Lárusson)

Þessi vísuorð gamals Iðunnarfélaga koma upp í hugann nú þegar myrkrið lykur lófa sínum um land og lýð hér á norðurslóð. Við undirnið hins aldna Ýlis gengur aðventan í garð. Við hefjum undirbúning jóla og tökum að tendra ljósín, innra sem ytra. Í vindnaudi, snjóffjúki og frosti látum við jólaljósín lýsa okkur gegnum dimmasta skammdegið – út Mörsug, inn í Þorra og Góu með hækkandi sól til móts við Einmánuð og Hörpu sem færir okkur vorið.

Hátíð jólanna á sér dýpri rætur í menningu okkar Íslendinga en hið kristna trúarinntak segir til um. Um það vitna ýmsar jóla-venjur okkar. Sjálft jólatréð – eitt (h)elsta tákn jólanna í kristnum sið – á rammar og ævafornar rætur í jarðardýrkun og frumstæðum frjósemisíðum.

Tré hafa frá fornu fari gegnt hlutverki í sköpunar- og goðsögum þjóða sem og í frjósemis og helgisíðum margra trúarbragða. Skilningstré goðs og ills þekkjum við úr kristnum fræðum, ask Yggdrasils úr þeim heiðnu. Í dag þekkest margvísleg hjátrú sem tengist trénu, til dæmis að snerta eða banka í tré og þylja tölurnar 7-9-13. Tré tilheyrja jarðarmagni og hafa, líkt og sjálf jörðin, frá örófi alda verið talin hafa hreinsunar- og lækningamátt. Þess finnast enn dæmi í veröldinni að sjúklingum sé komið fyrir inni í

holum trjábol eða gilskorningi til að hreinsa þá af sjúkdómum og illum öndum. Afbrigði af þessu þekktist lengi hér á landi í þeim sið að láta sængurkonu stíga á grastorfu, eða að leggja nýfædd börn á jörðina.

Sú venja að brenna tré í ársbyrjun og marka þar með endalok og nýtt upphaf er alþekkt um allan heim. Nú á dögum fer ýmislegt fleira á áramótabrennurnar en siðurinn er sá sami. Hjá Rómverjum til forna hófst nýtt ár á fyrsta degi marsmánaðar og þess vegna mörkuðu áramótin einnig vorkomuna. Er það líklega ástæða þess að siðir sem tengjast vori og sáningu eru oft keimlíkir jóla- og áramótasiðum. Til dæmis sú venja að höggva tré, skreyta það og stilla því miðsvæðis þar sem fólk getur dansað í kringum það. Í sveitum Englands hefur verið til siðs að fagna sumri með því að skreyta hús með greinum. Blómastöngin sem sett er upp miðsumars í Svíþjóð hefur svipað tákngildi og jólatréð. Jónsmessubrennan á Norðurlöndum er sambærileg áramótabrennu.

„Skyldi’ða vera hjólajól?“ segir í þekktum dægurlagatexta. Segja má að öll jól séu í rauninni hjólajól eða jólahjól þar sem þau snúast um að koma okkur mannfólkinu klakklaust út úr svartasta skammdeginu til móts við hækkandi sól – loka einni hringrás um leið og önnur er hafin. Því má segja að neysluhyggja jólatilstandsins – skreytipörfin, átið, umbúðirnar – allt þjóni þetta ákveðnum tilgangi sem tengist upprunalegu inntaki jólanna frá því fyrir kristni: Að gleðja sjálfa sig og aðra og lýsa upp sitt nánasta umhverfi.

Að baki öllu þessu vakir svo sjálft trúarinntakið í allri sinni hógværð og brýst fram þegar kirkjur landsins yfirfyllast af söddu og sælu fólki um miðnæturbil á jólanótt. Og handan við byggðirnar, langt fyrir ofan ljósum skreyttar götur loga hin óendanlegu jólaljós himinsins, norðurljósin og himintunglin sem aldrei breytast þó að árstíðirnar gangi sinn hring, jörð snúist um sólu og fólkið um sjálft sig.

Jólanótt

Norðurljósa litatraf
liðast hægt um myrkrahvel,
lýsir himinn, land og haf,
litkar hjarn og frosinn mel.
Rauðbleik merlar mánasigð
á myrkum sæ um þögla nótt.
Langt í fjarska bjarmar byggð,
borgarljósin tindra rótt.

En yfir raflýst borgarból,
á bak við heimsins ljósadýrð,
ber sín helgu boð um jól
þjört en þögul nætursól.
Við skörðum mána skín í kyrrð
skærum loga úr órafirrð
er lúnum mönnum lýsti þrem
langan veg til Betlehem.

Þó að sólin svífi lágt
syrtir hól og ós,
fegra bólin frekar sátt
falleg jólaljós.

Höskuldur Búi Jónsson

Ljósið Birtubregðir sogar
burtu alla daga
fyrst um jól er lengur logar
ljós hann brott mun kjaga

Dúkkar upp í desember
dregur vísa í felur
Klukkuflytjur ótukt er
sem öllum tíma stelur.

Auraleysir ljóta fól
losar þig við aur
Alltaf sáttur ef um jól
alveg sértu staur.

Halldóra Traustadóttir

Sólarljós á himni hækka,
hlaup í gleðibrunninum.
Jólaþarfir þó má lækka
og þingmenn loki munnum.

Sigurlína Davíðsdóttir

Snjóa skryðast klettur kjól,
kuflum skafla grundir,
Góa víða foldu fól
fannahrönnu undir.

Landið frítt og fagurhvítt
fönnin kann að lita,
en undir flýtur allt í skít
eins og flestir vita.

Frostið bitur föla kinn.
Fjúkið lítið gleður.
Mér ég flýti aftur inn.
En það skítaveður!

Þórarinn Már Baldursson

Hátíð er hér enn á ný,
allir til þess hlakka,
með jólamatinn, jólafrí
og jólatré og pakka.

Heimur fær nú faðmlög hlý
foreldrar með krakka.
Ég ætla svo að enda á því
árið vel að þakka.

Sigurlín Hermansdóttir

Er vetri birtist nóttin ný
náði Guð að muna,
hátíðarljós að hengja í
himinhvelfinguna.

Heilög nálgast hátíðin
á himni stjörnuþjörtum.
Aðventunnar aftanskin
yljar vorum hjörtum.

Gunnar Straumland

Á eftir alþjóðunum,
erkibiskupsstólunum
vatnableikjubólunum,
búnaðarháskólunum,
feðraveldisfólunum
félagsmálaskólunum,
hrærivélahjólunum,
Helmútunum, Kóhlunum,
krínólínukjólunum,
kassettubandspólunum,
næturhélunjólunum,
negulstönguldriólunum,
sauðaleppasólunum,
söngæfingagólunum,
tannlækningatólunum,
táningsgraftarbólunum
og axlabandaólunum —
þá unni ég mest jólunum.

Bjarki Karlsson